

KJARASAMNINGUR

VÉLSTJÓRAFÉLAGS ÍSLANDS

og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

um kaup og kjör vélstjóra
á skipum Landhelgigæslu Íslands

undirritaður 25. nóvember 2005

Gildistími

1. apríl 2005 – 30. apríl 2008

1 Kaup

1.1 Mánaðarlaun

1.1.1 Mánaðarlaun vélstjóra sem gegnir fullu starfi, skal vera samkvæmt neðangreindum töflu frá og með 1. apríl 2005.

Rammi A: undirvélstjóri

Lfl	1. þrep	2. þrep	3. þrep
A01	170.049	175.189	180.484
A02	172.600	177.817	183.191
A03	175.189	180.484	185.939
A04	177.817	183.191	188.728
A05	180.484	185.939	191.559
A06	183.191	188.728	194.432
A07	185.939	191.559	197.348

Rammi B: undirvélstjóri með 4. stig

Lfl	1. þrep	2. þrep	3. þrep
B01	175.189	180.484	185.939
B02	177.817	183.191	188.728
B03	180.484	185.939	191.559
B04	183.191	188.728	194.432
B05	185.939	191.559	197.348
B06	188.728	194.432	200.308
B07	191.559	197.348	203.313

Rammi C: 1. vélstjóri

Lfl	1. þrep	2. þrep	3. þrep
C01	194.432	200.308	206.363
C02	197.348	203.313	209.458
C03	200.308	206.363	212.600
C04	203.313	209.458	215.789
C05	206.363	212.600	219.026
C06	209.458	215.789	222.311
C07	212.600	219.026	225.646

Rammi D: yfirvélstjóri

Lfl	1. þrep	2. þrep	3. þrep
D01	536.201	544.335	552.500

- 1.1.2 Föst heildarlaun vélstjóra í fullu starfi skul vera samsett af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu og 110 yfirvinnutímum og eru frá og með 1. apríl 2005 sem hér segir:

Rammi A: undirvélstjóri

Lfl	1. þrep	2. þrep	3. þrep
A01	364.304	375.316	386.660
A02	369.769	380.946	392.460
A03	375.316	386.660	398.347
A04	380.946	392.460	404.322
A05	386.660	398.347	410.387
A06	392.460	404.322	416.543
A07	398.347	410.387	422.791

Rammi B: undirvélstjóri með 4. stig

Lfl	1. þrep	2. þrep	3. þrep
B01	375.316	386.660	398.347
B02	380.946	392.460	404.322
B03	386.660	398.347	410.387
B04	392.460	404.322	416.543
B05	398.347	410.387	422.791
B06	404.322	416.543	429.133
B07	410.387	422.791	435.570

Rammi C: 1. vélstjóri

Lfl	1. þrep	2. þrep	3. þrep
C01	416.543	429.133	442.104
C02	422.791	435.570	448.736
C03	429.133	442.104	455.467
C04	435.570	448.736	462.299
C05	442.104	455.467	469.233
C06	448.736	462.299	476.271
C07	455.467	469.233	483.415

Rammi D: yfirvélstjóri

Lfl	1. þrep	2. þrep	3. þrep
D01	536.201	544.335	552.500

Launin skulu greidd í 12 mánuði á ári og orlofsfé greiðist því ekki til viðbótar. Þeir vélstjórar sem taka laun skv. þessari grein fá ekki greidda yfirvinnu eða álagsgreiðslur skv. öðrum greinum samnings þessa.

Um almenn vinnuskil þeirra fer skv. fyrri venju sem sjá má í greinum þessa samnings og starfslýsingu LHG.

Verði LHG við ósk vélstjóra um breytta vinnutilhögun með minni vinnuskyldu en felst í þessari grein, er heimilt að semja við hann um launagreiðslur.

1.2 Launabreytingar

- 1.2.1 Á samningstímanum hækka laun sem hér segir:

- 1. janúar 2006 um 2,50%
- 1. janúar 2007 um 2,25%
- 1. janúar 2008 um 2,00%

1.3 Röðun í launaflokka innan hvers ramma A, B og C

1.3.1 Starfsmenn raðast í launaflokka innan hvers ramma til viðbótar grunnflokki á eftirfarandi forsendum:

Sveinspróf, einn launaflokkur.

Starf hjá Landhelgisgæslu í 5 ár, einn launaflokkur.

Starf hjá Landhelgisgæslu í 10 ár, einn launaflokkur.

Starf hjá Landhelgisgæslu í 15 ár, einn launaflokkur.

Staðfesting á kunnáttu á viðhaldskerfum skipanna, einn launaflokkur.

Námskeið, 60 tíma viðurkennt námskeið, einn launaflokkur (gildir til hækkunar í eitt skipti).

1.4 Starfsaldur og launaprep

1.4.1 Hver launaflokkur skiptist í 3 launaprep sem hér segir:

1. þrep: byrjunarlaun

2. þrep: eftir 3 ár

3. þrep: eftir 8 ár

1.4.2 Aldurshækkningar á kaup vélstjóra í starfi hjá LHG ákvarðast af fjölda almanaksmánaða í starfi

1.4.3 Starfsaldur við ráðningu ákvarðast af lögskráningardögum skv. sjóferðabók, sem vélstjóri hefir starfað sem slíkur. Sá starfsaldur getur þó mest orðið 7 ár. 236 lögskráningardagar jafngilda 1 ári í starfsaldri.

1.4.4 Við mat á starfsaldri skal ráðningartími, sem bátsmaður, smyrjari, háseti eða viðvaningur hjá LHG, koma vélstjórum að fullu til góða.

1.5 Afleysingakaup

1.5.1 Leysi maður af vélstjóra í hærri stöðu eða öfugt fer um starfsaldur hans skv. gr. 1.4

1.6 Útreikningur dagkaups

1.6.1 Dagkaup fyrir hvern virkan starfsdag finnst með því að deila með 21,67 í mánaðarkaup. Greiðist það frá mánudegi til föstudags, óháð því hvort sérstakir frídagar eða stórhátíðardagar falla á þá daga.

1.7 Tímakaup í dagvinnu

1.7.1 Dagvinnutímakaup er reiknað út með því að deila með 173,33 í mánaðarkaup.

1.8 Tímakaup í yfirvinnu

- 1.8.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarkaupi miðað við það launþrep er viðkomandi vélstjóri tekur laun eftir.

1.9 Stórhátíðarkaup

- 1.9.1 Tímakaup fyrir vinnu á frívakt á stórhátíðardögum, sbr. gr. 2.13.2, er 1,375% af mánaðarkaupi miðað við það launþrep er viðkomandi tekur laun eftir.

1.10 Stórhátíðarálag

- 1.10.1 Fyrir hvern stórhátíðardag, sbr. gr. 2.13.2, utan heimahafnar eða unninn í heimahöfn fær vélstjóri sérstaka greiðslu sem nemur kr. 3.800 og taki sömu breytingum og almennt grunnkaup. Sama greiðsla komi fyrir sjómannadaginn, ef skip er utan innlendra hafna.

1.11 Persónuuppbót (desemberuppbót)

- 1.11.1 Vélstjóri í fullu starfi sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar, skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. október.

Hafi vélstjóri gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili. Fyrir hvern mánuð í fullu starfi á umræddu tímabili greiðist 1/10 hluti af persónuuppbót.

Á sama hátt skal einnig vélstjóri sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfellt í a.m.k. 3 mánuði/13 vikur á árinu, fá greidda persónuuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þó vélstjóri sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs.

Persónuuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á desemberuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Persónuuppbót fyrir fullt starf á tímabilinu 1. janúar til 31. október ár hvert verður sem hér segir á samningstímanum:

Á árinu 2005: kr. 39.700

Á árinu 2006: kr. 40.700

Á árinu 2007: kr. 41.800

2 Um vinnutíma

2.1 Fastlaunakerfi

2.1.1 Vélstjórar vinna þá vinnu sem tilfellur í samræmi við starfslýsingu viðkomandi stöðu innan ákvæða um vinnu- og hvíldartíma í samningi þessum.

2.1.2 Halda skal skrá yfir vinnutíma vélstjóra.

2.2 Sjóvökur og sjóvökuslit

2.2.1 Sjóvökur

Skylt er að setja sjóvökur þegar er landfestar eru leystar. Þetta gildir þó ekki um færslu skips milli bryggja, í slipp eða í heimahöfn.

Yfirstjórn LHG mun beina þeim tilmælum til skipherra og yfirvélstjóra varðskipanna að vakthafandi yfirmaður sé ekki sendur til vinnu utan skips þegar sjóvökur eru staðnar, nema við sérstakar aðstæður. Ákvæði þetta á ekki við þegar skip er bundið við bryggju.

2.2.2 Sjóvökuslit

Slíta skal sjóvöku í heimahöfn og setja á hafnarvaktir þegar skip er bundið við bryggju.

Ekki þarf að slíta sjóvökum utan heimahafnar nema skip sé ekki ferðafært að mati skipherra.

2.3 Vinnutími til sjós – vinnuskylda vélstjóra

2.3.1 Vinnuskylda vélstjóra um borð í varðskipum er sjóvökur eru staðnar skal vera 56 klst. miðað við almanaksviku (7 sólarhringa). Vinnuskyldan skal innt af hendi með 8 klst. sjóvakt/vinnu á sólarhring.

Vélstjórar skulu ávallt vera reiðubúnir að hefja vinnu í upphafi vaktar og yfirgefa ekki varðstöðu nema vegna gildra ástæðna.

2.4 Verkaskipting um borð

2.4.1 Á skipi með þremur vélstjórum gengur yfirvélstjóri 4 klst. vakt á sólarhring, en 1. og 2. vélstjóri standa samtals 10 klst. vaktir hvor á sólarhring.

2.5 Greiðsla yfirvinnu til sjós

2.5.1 Yfirvinna til sjós greiðist fyrir sjóvakt umfram 8 klst. vinnu á sólarhring. Yfirvinna greiðist fyrir hverja byrjaða 1/2 klst. Sama gildir þegar sjóvöku er slitið utan heimahafnar.

2.5.2 Fyrir útkall á frívakt greiðist minnst 1 klst. nema reglulegur vinnutími viðkomandi vélstjóra hefjist innan 1 klst. Á tímabilinu 20.00 til 04.00 skal þó greiða 2 klst. fyrir útkall á frívakt nema reglulegur vinnutími viðkomandi vélstjóra hefjist innan 1,5 klst. Líði minna en 1 klst. milli útkalla greiðist óskert yfirvinna þó aldrei lengur en til loka frívaktarinnar.

2.5.3 Á komu og brottfarardögum skal greiða yfirvinnu fari sjóvaka og vinnutími við land fram yfir 8 klst. Þegar sjóvökur eru settar/slitið.

2.6 Hvíldir til sjós

2.6.1 Vélstjórar sem standa vaktir skulu hafa hæfilegan tíma til hvíldar og svefns. Hvíldartími skal vera minnst 10 klst. á hverju 24 klukkustunda tímabili. Hvíldartímanum má skipta í mest tvö tímabil og skal annað vera a.m.k. 6 klst. Ekki er skylt að hlíta framangreindum kröfum um hvíldartíma í neyðartilfellum eða í öðrum undantekningartilvikum. Þrátt fyrir framangreind ákvæði er heimilt að stytta 10 klst. lágmarkstímabilið niður í a.m.k. 6 klst. samfleytt, svo fremi sem slík stytting nái ekki til fleiri en tveggja daga og menn fái a.m.k. 70 klst. hvíldartíma á hverju sjö daga tímabili.

2.7 Vinna á helgidögum þjóðkirkjunnar og öðrum frídögum

2.7.1 Á sjóvöktum skulu sunnudagar, sérstakir frídagar og stórhátíðardagar haldnir helgir svo sem venja er til og vinnufyrirkomulag vera skv. því.

2.8 Vinnutími í heimahöfn.

2.8.1 Daglegur vinnutími í heimahöfn er 8 klst. á tímabilinu frá kl. 07.00 til 17.00 frá mánudegi til föstudags. Daglegur vinnutími hefst þegar vélstjóri mætir á vinnustað skv. ákvörðun LHG og lýkur þegar hann yfirgefur vinnustað skv. ákvörðun LHG.

2.9 Yfirvinna í heimahöfn.

2.9.1 Yfirvinna greiðist fyrir vinnu umfram 8 klst. á dag svo og fyrir vinnu á laugar- og sunnudögum, sérstökum frídögum og stórhátíðardögum.

2.9.2 Ef vélstjóri, sem ekki gegnir útkallsvakt er kallaður til vinnu eftir lok dagvinnu eða á laugar- og sunnudögum, sérstökum frídögum og stórhátíðardögum, greiðast að lágmarki 4 klst. í yfirvinnu, nema reglulegur vinnutími viðkomandi manns hefjist fyrir.

2.10 Hvíldir í heimahöfn

2.10.1 Lágmarkshvíld vélstjóra á varðskipum í heimahöfn skal vera samfelld minnst 8 klst. á sólarhring.

3.10.2 Ekki skal kveðja vélstjóra á varðskipum til vinnu fyrir en umsömdum hvíldartíma er náð.

2.11 Matar- og kaffihlé í heimahöfn

- 2.11.1 Matarhlé er 0,5 klst. á tímabilinu frá kl. 12,00 til kl. 13,00. Matarhlé telst ekki til vinnutíma.
- 2.11.2 Á venjulegum vinnudegi í heimahöfn skulu vera tveir kaffitímar 20 og 15 mínútur og teljast þeir til vinnutíma. Heimilt er að stytta eða fella niður kaffihlé. Ef kaffihlé er stytt eða fellt niður styttist daglegur vinnutími sem því nemur.

2.12 Frídagar til sjós

- 2.12.1 Fyrir hvern laugar- og sunnudag, sérstakan frídag og stórhátíðardag utan heimahafnar ávinnur vélstjóri sér 1 frídag.
- 2.12.2 Frídagar þessir skulu veittir á virkum dögum í heimahöfn.
- 2.12.3 Ef vélstjóri er 12 klst. í fríi samfleytt miðað við hádegi og miðnætti jafngildir það 1/2 útteknum frídegi. Færri klst. reiknast ekki sem frí. 1/2 úttekinn frídagur jafngildir 4 klst. vinnu.
- 2.12.4 Þegar vélstjóri er afskráður og fer í frí koma eingöngu virkir dagar til frádráttar innunnum frídagarétti hans, en ekki þeir laugar- og sunnudagar, sérstakir frídagar og stórhátíðardagar sem falla á tímabilið.
- 2.12.5 Ekki er heimilt að veita frídaga fyrirfram nema vélstjóri óski þess og aðstæður leyfi.
- 2.12.6 Þeir innunnir og óteknir frídagar, sem ekki hafa verið veittir við afskráningu eða áramót skulu greiddir með 1/21,67 mánaðarkaupi.
- 2.12.7 Frídagar greiðast á því kaupi er gildir á greiðsludegi í réttu hlutfalli við þá stöðu eða þær stöður sem vélstjóri gegndi meðan hann ávann sér frídagana. Þegar menn taka út frídaga skal greiða þá sérstöku frídaga og stórhátíðardaga sem falla á frítímabilið.
- 2.12.8 Sérstakt bókhald skal halda yfir innunna og úttekna frídaga.

2.13 Frídagar

- 2.13.1 Sérstakir frídagar eru þessir, enda beri engan þeirra upp á laugar- eða sunnudag:
 1. Nýársdagur
 2. Skírdagur
 3. Föstudagurinn langi
 4. Annar í páskum
 5. Sumardagurinn fyrsti
 6. 1. maí
 7. Uppstigningardagur
 8. 17. júní
 9. Annar í hvítasunnu
 10. Fyrsti mánudagur í ágúst
 11. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12:00
 12. Jóladagur
 13. Annar í jólum
 14. Gamlársdagur eftir kl. 12:00

- 2.13.2 Stórhátíðardagar eru:
1. Nýársdagur
 2. Föstudagurinn langi
 3. Páskadagur
 4. Hvítasunnudagur
 5. 17. júní
 6. Aðfangadagur jóla eftir kl. 12:00
 7. Jóladagur
 8. Gamlársdagur eftir kl. 12:00

2.14 Vinna utan heimahafnar á stórhátíðardögum

- 2.14.1 Vinni vélstjóri utan heimahafnar á stórhátíðardögum skv. gr. 2.13.2, skal hver unninn stórhátíðardagur bættur aukalega með 1/2 frídegi. Frí dagar þessir skulu auðkenndir sérstaklega á frídagablaði. Skyld er að taka út þessa frídaga og skulu þeir veittir á sama hátt og aðrir frí dagar.

2.15 Sérákvæði um frídagarétt yfirvélstjóra

- 2.15.1 Fyrir hvern laugar- og sunnudag, sérstakan frídag eða stórhátíðardag, sem fellur á skráningartímabil vinnur yfirvélstjóri sér inn 1 frídag.
- 2.15.2 Við afskráningu eða áramót fær yfirvélstjóri framngreinda frídaga greidda með 1/21,67 af mánaðarkaupi að frádregnum sem svarar 1/4 af legudögum í heimahöfn á skráningartímabilinu. Frí dagar þessi reiknast í heilum dögum.
- 2.15.3 Á meðan yfirvélstjóri er lögskráður á varðskip, skal hann hafa eftirlitsskyldu með vélum í skipi sínu og vinnu um borð við vélar í því í inniverum skipsins í heimahöfn. Yfirvélstjóri skal því ekki teljast taka út áunna frídaga sína í inniverum skipsins þegar svo stendur á.
- Uppgjör áunninna frídaga yfirvélstjóra, sem ekki eru teknir út í fríum, skal jafnað á 4 tímabil yfir almanaksárið í samræmi við ávinnslu þeirra og skulu frí dagar greiddir út í lok hvers tímabils eftir því sem við á.

3 Fæði og matsalur

3.1 Fæði og matsalur

- 3.1.1 Um borð í varðskipi skulu vélstjórar hafa aðgang að matsal þar sem framreiddur skal hollur og góður matur þeim að kostnaðarlausu. Á komu og brottfarardögum skal matur framreiddur í samræmi við þær venjur sem fylgt hefir verið til þessa.
- 3.1.2 Þegar vélstjórar vinna um borð í skipi í heimahöfn skal LHG leggja þeim til kaffi, te og mjólk.

4 Orlof

4.1 Lágmarksorlof

- 4.1.1 Lágmarksorlof vélstjóra er 24 virkir dagar miðað við fullt ársstarf hjá LHG, sem samsvarar 10,17% orlofsgreiðslu af öllum launum.
- 4.1.2 Eftir 5 ára þjónustu hjá LHG er orlof 27 virkir dagar, sem samsvarar 11,59% orlofsgreiðslum af öllum launum.
- 4.1.3 Eftir 10 ára þjónustu hjá LHG er orlof 30 virkir dagar, sem samsvarar 13,04% orlofsgreiðslum af öllum launum.
- 4.1.4 Orlof telst tekið út á tímabilinu 2. maí til 30. september. Þegar vélstjóri fer í frí á því tímabili teljast fyrstu almanaksdagar frísins til orlofs uns fullum orlofsrétti er náð. Geti vélstjóri ekki tekið fullt orlof á áðurgreindu tímabili teljast fyrstu frídagar er yfirmaður tekur að loknu tímabilinu til orlofs uns fullu orlofi er náð.

4.2 Uppgjör orlofs

- 5.2.1 Innunnið og ótekið orlof skal gert upp og greitt þegar vélstjóri fer í orlof eða hættir störfum hjá LHG.
- 4.2.2 Uppgjörstímabil orlofs er almanaksárið.

4.3 Veikindi í orlofi

- 4.3.1 Veikist vélstjóri í orlofi það alvarlega, að hann fái ekki notið orlofsins, skal hann á fyrsta degi, t.d. með símskeyti, tilkynna yfirstjórn LHG um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningarskyldunni og standi veikindin samfelld lengur en þrjá sólarhringa á hann rétt á uppbótarorlofi jafn langan tíma og veikindin sannanlega voruðu.
- 4.3.2 Ef vélstjóri veikist í orlofi, skal hann ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Telji LHG ástæðu til, getur hún látið lækni vitja vélstjóra sem veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma sem vélstjóri óskar og skal það veitt á tímabilinu 2. maí til 30. september, nema sérstaklega standi á.

4.4 Orlofsuppbót

- 4.4.1 Hinn 1. júní ár hvert skal vélstjóri sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.
Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2005 kr. 21.800

Á árinu 2006 kr. 22.400
Á árinu 2007 kr. 23.000
Á árinu 2008 kr. 23.600

Hafi vélstjóri látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfelld starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef vélstjóri var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum.

Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins.

Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

4.5 Fjarvistir vegna fæðingarorlofs

4.5.1 Eftir 2 ára starf hjá sama vinnuveitenda teljast fjarvistir vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum til starfstíma við mat á rétti til aukins orlofs samkvæmt kjarasamningum, útreikningi persónuuppbótar, orlofsuppbótar, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests.

Fæðingarorlof allt að 6 mánuðum telst til unnins tíma við útreikning orlofsréttar til frítöku en ekki orlofslauna.

4.6 Aukafri

4.6.1 LHG skal veita þeim vélstjórum er þess óska frí án launa í allt að 36 daga á ári. Frí þetta veitist í samráði við LHG, eftir aðstæðum hverju sinni, utan orlofstíma.

4.7 Orlofsheimilaskjöldur

4.7.1. Í orlofsheimilaskjóð VSFÍ greiðir LHG 0,25% af öllum launum þeirra, sem samningur þessi tekur til.

5 Ferðir og gisting

5.1 Ferðir og gisting.

- 5.1.1 Kostnaður vegna ferðalaga innanlands á vegum LHG greiðist eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Sama gildir, ef hluti vinnudags er unninn svo langt frá föstum vinnustað, að vélstjóri þarf að kaupa sér fæði utan heimilis eða fasts vinnustaðar.
- 5.2.2 Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum sé um það samkomulag eða ekki er unnt að leggja fram reikning. Um upphæð dagpeninga fer skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
- 5.2.3 Fari vélstjóri í frí í hérlendri höfn utan Reykjavíkur greiðir LHG fargjald hans með áætlunarferð frá skipinu til Reykjavíkur. Farartækið skal valið í samráði við LHG.
- 5.2.4 Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi enda fylgi ávallt fullnægjandi frumgögn.
- 5.2.5 Annar kostnaður á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum. Um upphæð þeirra fer skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
- 5.2.6 Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvelli, fæði, húsnæði, minni háttar risnu og hvers konar persónuleg útgjöld.
- 5.2.7 Dagpeningar vegna þjálfunar og eftirlitsstarfa skulu ákveðnir af ferðakostnaðarnefnd ríkisins.

6 Aðbúnaður og hollustuhættir

6.1 Aðbúnaður til sjós

6.1.1 Þar sem því verður við komið skal vera legubekkur af viðurkenndri gerð og stærð í herbergi vélstjóra. Skal leitast við að koma honum svo fyrir, að hann komi sem mest þvert á hvíluna í herberginu.

6.1.2 Í nýjum skipum skal vera sérstakt baðherbergi til afnota fyrir yfirmenn skipsins, sjófatageymsla yfirmanna, svo og sérstakur klefi, sem yfirmenn geta notað sem skrifstofu og til geymslu skipsskjala, mælitækja, teikninga og annarra muna er tengjast starfi viðkomandi yfirmanns.

6.2 Íbúðir vélstjóra

6.2.1 Íbúðum vélstjóra skal haldið í góðri umhirðu.

6.2.2 Útgerðin leggur til rúmfatnað og handklæði og sér um þvotta á því.

7 Tryggingar

7.1 Slysatriggingar

- 7.1.1 LHG skal tryggja þann vélstjóra, sem samningur þessi tekur til í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1985.
- 7.1.2 Bætur úr vátryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum og um hana skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysatriggingu sjómanna hjá aðildarfélögum Sambands íslenskra tryggingarfélaganna.
- Bætur má lækka eða fella niður ef tjónþoli hefur valdið slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
- 7.1.3 Trygging gegn slysaáðauða og/eða varanlegri slysaörorku, gildir meðan vélstjóri er skráður á skipið, svo og ef hann er á kaupi hjá LHG, vegna slyss eða veikinda. Jafnframt gildir tryggingin fyrir fastráðinn vélstjóra á meðan hann er í fríi vegna orlofs eða áunninna frídaga. Tryggingin tekur ekki til slysa, sem vélstjóri kann að verða fyrir við störf í þágu annarra en LHG, hvort sem greiðsla er innt af hendi fyrir þau störf eða ekki. Þá tekur tryggingin ekki til slysa, er vélstjóri verður fyrir við arðbæra vinnu í eigin þágu.
- Eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatriggingu ökumanns og eiganda, skerðast bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.
- 7.1.4 Dánarbætur greiðast í samræmi við ofangreind lög en örorkubætur hinum slasaða sjálfum.
- 7.1.5 Trygging þessi skerðir ekki rétt vélstjóra til greiðslu úr lífeyrissjóði.
- 7.1.6 Tryggingarfé samkvæmt þessum lið skal koma til frádráttar slysa- eða dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.
- 7.1.7 Slysatriggingabætur skv. 172.gr. siglingalaga nr. 34/1985 taki eftirfarandi aukahækkun frá 1.júlí 1989 að telja:
- Dánarbætur hækki um 10% og örorkubætur um 20%.

7.2 Líftrygging

- 7.2.1 LHG líftryggir hvern þann vélstjóra sem starfar skv. samningi þessum. Líftryggingarfjárhæðin skal vera kr. 2.811.800 frá og með apríl 2005 [2. ársfjórðungi] og breytist síðan ársfjórðungslega í sama mæli og dánarbætur skv. a.- lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr. laga nr. 34/1985. Líftrygging þessi greiðist ekki ef hinn tryggði deyr af völdum slyss.
- 7.2.2 Láti hinn tryggði ekki eftir sig maka eða börn skal þó aðeins greiða helming tryggingarupphæðarinnar til dánarbús hins látna. Með maka er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu sbr. 44. gr. laga um alm.tryggingar.

7.2.3 Fyrirgreind fjárhæð lækkar um 4% fyrir hvert aldursár eftir að hinn tryggði nær 50 ára aldri og fellur niður eftir að hann nær 70 ára aldri.

7.2.4 Um ofangreinda tryggingu gilda eftir því sem við á að öðru leyti, skilmálar líftryggingafélaganna fyrir hóplíftryggingar. Tryggingin gildir frá þeim degi að maður kemur til starfa hjá LHG og gildir til þess dags er hann hættir störfum.

7.3 Eigin áhætta ríkissjóðs

7.3.1 Um kaup LHG á váttryggingum fer skv. reglugerð nr. 33/1988.

7.4 Eignamissir

7.4.1 Missi vélstjóri eignir sínar er hann hefur um borð í skipi, við skipsbrot, eldsvoða, sjóskaða eða á annan hátt, þá greiðir útgerðin honum skaðabætur, skv. gildandi reglugerð nr. 225/1999. Skemmist nokkur hluti eigna vélstjóra af fyrirgreindum ástæðum, þá greiðist honum skaðabætur eftir mati óvilhallra manna, náist ekki samkomulag um bætur.

8 Vinnuföt

8.1 Fatnaður

- 8.1.1 Við störf sín skulu vélstjórar klæðast einkennisfötum skv. ákvörðun LHG.
- 8.1.2 LHG leggur vélstjórum sínum til fatabeiðni til kaupa á einkennis- og vinnufötum skv. reglugerð um einkennisfatnað. Fatabeiðni þessi skal að lágmarki nema andvirði einna einkennisfata á ári og einkennisfrakka annað hvort ár.
- 8.1.3 Afleysingamenn fái ein vinnuföt, þ.e. buxur, skyrtu og peysu þegar þeir hefja störf hjá LHG. Hætti vélstjóri áður en 6 mánuðir eru liðnir frá síðustu fataúthlutun má endurkrefja hann um fjárhæð er samsvarar 1/2 verði úthlutunarinnar. Fjárhæð þessi komi til frádráttar síðustu útborgunar.
- 8.1.4 Vélstjórar, sem samningur þessi tekur til, fá endurgjaldslaust hreinsun á einkennisfatnaði þrisvar sinnum á ári. Til einkennisfatnaðar í þessum skilningi teljast jakkaföt, skyrtur, hálstau, húfa og frakki.
- 8.1.5 Stofnunin skal tryggja að í skipum hennar séu samfestingar og annar hlífðarfatnaður sem nauðsynlegur er vegna sérstakra óþrífastarfa í vélarúmum skipanna.

9 Styrktar- og sjúkrasjóður VSFÍ

9.1 Styrktar- og sjúkrasjóður

9.1.1. LHG greiðir í styrktar- og sjúkrasjóð VSFÍ 0,3% af öllum launum þeirra, sem samningur þessi tekur til.

Auk þess skal greiða 0,2% til VSFÍ, sem sérstaklega er ætlað til forvarnarstarfa, sbr. bókun þar um.

10 Fræðslumál

10.1 Starfsþjálfun á vegum stofnana

10.1.1 LHG greiðir allan kostnað vélstjóramanna við þá endur- og símenntun sem miðar að því að viðhalda nýjustu þekkingu og tækni vegna starfsréttinda þeirra og hæfni. Slík menntun skal afráðin í samráði LHG og vélstjóra.

10.2 Launalaust leyfi

10.2.1 Starfsmaður skal eiga rétt á launalausum leyfi ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar.

11 Samstarfsnefnd

11.1 Samstarfsnefnd

- 11.1.1 Aðilar samnings þessa skulu hvor um sig tilnefna 2 menn í samstarfsnefnd, sem fjalli um ágreiningsmál sem rísa kunna út af samningi þessum. Nefndin skal reyna eftir föngum að ná sáttum í þeim málum, sem hún fær til meðferðar
- 11.1.2 Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana saman.

12 Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa

12.1 Fastráðinn vélstjóri

- 12.1.1 Slasist eða veikist fastráðinn vélstjóri ber honum mánaðarkaup í allt að 5 mánuði, þó aldrei fleiri daga en hann hefur starfað sem vélstjóri í þjónustu LHG.
- 12.1.2 Eftir 5 ára starf hjá LHG sem vélstjóri ber honum mánaðarkaup í 6 mánuði.
- 12.1.3 Eftir 10 ára starf hjá LHG sem vélstjóri ber honum mánaðarkaup í 8 mánuði.
- 12.1.4 Eftir 15 ára starf hjá LHG sem vélstjóri ber honum mánaðarkaup í 9 mánuði.
- 12.1.5 Vélstjóri á ekki rétt á kaupum fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur, vegna sjúkdóma eða meiðsla, sem hann hefur þagað sviksamlega yfir við ráðningu sína. Sama gildir, ef hann er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.
- 12.1.6 Um greiðslu launa í veikindum vísast að öðru leyti til 36. gr. sjómannalaga nr. 35/ 1985.

13 Tilhögun fæðingarorlofs

13.1 Gildissvið

- 13.1.1 Kafli þessi tekur til foreldris sem er í a.m.k. 25% starfi og starfað hefur í samfelld 6 mánuði fyrir fæðingu barns síns hjá hlutaðeigandi launagreiðanda og er með gilda ráðningu við upphaf orlofsins.

13.2 Réttarstaða starfsmanna í fæðingarorlofi

- 13.2.1 Um uppsöfnun og vernd réttinda í fæðingarorlofi fer skv. 14. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.
- 13.2.2 Starfsmaður sem hefur töku fæðingarorlofs, telst skv. framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 29. gr. framangreindra laga.
- 13.2.3 Starfsmaður sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar.

14 Lífeyrissjóðsgreiðslur og viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

14.1 Lífeyrissjóður

- 14.1.1 Um lífeyrissjóðsaðild, iðgjöld og lífeyrissjóðsréttindi fer skv. lögum og reglum um lífeyrissjóði.

Mótframlag vinnuveitanda skal vera 7,5% frá 01.01.2005, 9,5% frá 01.01.2006 og 11,5% frá 01.01.2007. Mótframlag þetta byggir á eftirfarandi forsendum: Að ekki verði breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og ef tryggingastærðfræðilegar forsendur leiða til breytingar á mótframlagi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá breytist mótframlag samkvæmt þessari grein á sama hátt.

14.2 Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar

- 14.2.1 Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi framlag á móti allt að 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

Frá 1. janúar 2005 fellur niður skylda til að greiða 1% fast í séreignasjóð óháð framlagi starfsmanns.

15 Félagsgjöld

15.1 Félagsgjöld

- 15.1.1 LHG tekur að sér að halda eftir af kaupum hvers vélstjóra félagsgjaldi hans til VSFÍ, ef þess er krafist af hálfu félagsins, en það ber ábyrgð á því að gjöldin séu rétt krafín.

16 Félagsmálefni

16.1 Gildissvið samningsins

- 16.1.1 Samningur þessi tekur til vélstjóra sem starfa hjá LHG um borð í varðskipum og í landi.

16.2 Forgangsréttur til starfa

- 16.2.1 Félagar í VSFÍ hafa forgangsrétt til starfa á skipum LHG. Á sama hátt gengur LHG fyrir öðrum vinnuveitendum þegar skortur er á vélstjórum til starfa.

16.3 Mönnun varðskipa

- 16.3.1 Um fjölda vélstjóra fer skv. lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða nr. 113/ 1984 með síðari breytingum.

16.4 Heimahöfn

- 16.4.1 Heimahöfn varðskipa er Reykjavík.

17 Skráning, ráðning og uppsögn

17.1 Skráning í skipsrúm og afskráning

- 17.1.1 Um lögskráningu vélstjóra fer skv. lögum um lögskráningu sjómanna. Ekki skal lögskrá vélstjóra eða afskrá án samráðs við hlutaðeigandi yfirmann.

17.2 Færsla á milli starfa og/eða vinnustaða

- 17.2.1 Tilkynna skal vélstjóra um færslu milli starfa og/eða færslu milli vinnustaða með minnst 48 klst. fyrirvara.

17.3 Starfsskyldur

- 17.3.1 Um réttindi og skyldur vélstjóra fer skv. lögum nr. 25/1967.
- 17.3.2 Um skipsstörfín fer skv. III. kafla sjómannalaga nr. 35/1985. Um störf vélstjóra í landi fer skv. ákvörðun LHG.

17.4 Útborgun launa

- 17.4.1 Mánaðarkaup greiðist eftir á fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Öll yfirvinna skal greidd eftirá fyrir hvern mánuð eða hverja 30 daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta dag reikningstímabils.

17.5 Ökutækjastyrkur

- 17.5.1 Greiða skal vélstjórum, sem samningur þessi tekur til, kostnað fyrir notkun eigin bifreiðar í þágu LHG samkvæmt framlagningu akstursdagbókar. Við útkall skal miða við 30 km. akstur í hvert skipti. Kostnaður við hvern ekinn km. skal greiddur samkvæmt akstursgjaldi ríkisstarfsmanna. Akstur milli heimilis og vinnustaðar telst ekki í þágu vinnuveitanda nema um útkall sé að ræða.

17.6 Símakostnaður

- 17.6.1 Vélstjórar verða ekki krafdir um greiðslu vegna notkunar áhafnarsíma um borð í skipi enda sé um kostnað vegna notkunar við heimili þeirra að ræða.

LHG setur viðmið um eðlilegan kostnað vegna sambands við heimili í sarmráði við Vélstjórafélag Íslands.

17.7 Starfslok

- 17.7.1 Sé vélstjóra sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf hjá sama fyrirtæki, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir, ef vélstjóri er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Vélstjóri getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.

18 Gildissvið, forsendur og gildistími samningsins

18.1 Gildistími

- 18.1.1 Samningur þessi gildir frá 1. apríl 2005 til 1. apríl 2008 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

18.2 Samningsforsendur

- 18.2.1 Komi til þess að nefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem fjallar um forsendur kjarasamninga náí samkomulagi 2005 og 2006 um almenna launabreytingu eða að launaliðir kjarasamninga séu uppsegjanlegir, skal sama gilda um þennan samning.

Reykjavík, 25. nóvember 2005

F.h. Samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Gunnar Björnsson (sign.)
Sonja María Hreiðarsdóttir (sign.)
Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)

F.h. LHG

Inga Hanna Guðmundsdóttir (sign.)

F.h. Vélstjórafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Helgi Laxdal (sign.)
Gunnar Pálsson (sign.)
Páll J. Egilsson (sign.)

B Ó K A N I R

**með kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Vélstórafélags Íslands
vegna Landhelgisgæslu Íslands
undirrituðum 25. nóvember 2005**

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að öll aukaverk og álög eru innifalin í fastlaunakerfinu og að með upptöku fastlaunakerfis séu jafnframt allir sérsamningar milli aðila niður fallnir þ.á m. allar aðrar bókanir en þær sem birtar eru með samningi þessum.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að endurskoða þurfi skiptingu björgunarlauna m.t.t. þeirrar breytingar sem er að verða með heildarlaunakerfum starfsmanna Landhelgisgæslunnar. Ganga skal frá slíkri endurskoðun við allra fyrstu hentugleika, ekki síðar en innan ársins.

Bókun 3

Þar sem vinna við gerð samnings þessa hefur dregist úr hömlu vegna utanaðkomandi þátta og vegna niðurfellingar bókunar með kjarasamningi aðila dags. 20. apríl 2001 hafa aðilar orðið sammála um eftirfarandi eingreiðslu.

Greiða skal við fyrstu hentugleika eftir samþykkt samnings þessa sérstaka eingreiðslu að upphæð kr. 100.000 til vélstjóra og kr. 270.000 til yfirvélstjóra sem hafa verið í fullu starfi hjá Landhelgisgæslu Íslands mánuðina september 2004 til og með mars 2005 og eru enn í starfi. Aðrir félagsmenn Vélstjórafélags Íslands sem starfað hafa skemur eða einungis hluta úr starfi fá greitt hlutfallslega.

Bókun 4

Aðilar eru sammála um að fyrir hvern unninn dag í inniveru ávinnur 1. og 2. vélstjóri sér 1/3 úr frídegi. Haldið skal utan um ávinnslu þessa með sama hætti og aðra frídaga.